

Nd.

85. Frumvarp til laga

[79. mál]

um breyting á lögum nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja ráðherra og bankaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði nügildandi laga eru að visu alveg skýr, þannig að ekki sýnist neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til íhlutunar um slíkar framkvæmdir, sbr. 8. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands. En þar sem þessi réttur hefur verið vefengdur af hæstv. forsætisráðherra (sbr. Alþt. 3, 1973, 83), er frv. flutt til þess að taka af öll tvímæli.